

63. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 14. október 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinson, formaður skólanefndar, Guðni Ölversson (Grindavík), Ómar Bjarnþórsson, Sævar Guðbergsson, - Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Hrannar Hólm, fulltrúi nemenda.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari flutti yfirlit um verklegar framkvæmdir s.l. sumar. Einnig skýrði hann frá stofnum verknámsbrautar rafiðna og fjölmiðlabrautar á haustönn 1981. Mjög hæfur kennari hefur fengist til kennslu á rafiðnabraut, Guðmundur Bjarni Guðbjörnsson, rafmagnstæknifræðingur í Keflavík, en deildin er mjög vanbúin tækjur og aðstöðu. Um 150.000 krónur kostar að koma upp búnaði fyrir slíkri grunndeild. Nefndin fól skólameistara að rita menntamála-ráðuneytinu bréf og óska staðfestingar á stofnun verknámsbrautar rafiðna og veitti heimild til tækjakaupa fyrir brautina að upphæð kr. 150.000- eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur. Einnig samþykkti skólanefndin 15.000 - fimmtán þúsund - króna fjárveitingu til tækjakaupa fyrir fjölmiðlabraut. Kennari þar er Guðbjartur Gunnarsson.

2. Tölvukennslumál.

Skólameistari upplýsti um stöðu tölvukennslu í nokkrum framhaldsskólum. Skólanefndin er hlynnt því að keyptar verði tölvur til kennslu í skólanum á haustönn 1982, en vísar máli þessu til lokaákvörðunar eftir afgreiðslu fjárlaga og afgreiðslu fjárhags-áætlunar fyrir skólann fyrir árið 1982.

3. Fjárlagatillögur og framkvæmdir 1982.

Í frumvarpi til fjárlaga sem nú liggur fyrir eru rekstrar-úgjöld, viðhaldskostnaður og gjaldfærður stofnkostnaður áætlaður verulega lægri en en í fjárlagatillögum skólans. Munar þar mestu að tillögur skólans um gjaldfærðan stofnkostnað eru kr. 1.290.000- ein milljón tvöhundruð og níutíu þúsundir - en í frumvarpinu er gert ráð fyrir 260.000 - tvöhundruð og sextíu þúsundum. Samþykkt var að fela Gunnari Sveinssyni, Ingvari Jóhannssyni og Jóni Hólmgæirssyni að fara ásamt skólameistara og Valtý Guðjónssyni á fund ráðuneytismanna og leita leiðréttinga á þessum mikla niðurskurði.

4. Tilkynningar.

- a) Skólameistari kynnti tillögur nefndar á vegum menntamálaráðuneytis um skipan náms á uppeldisbraut. Leggur nefndin til að nám þetta verði ekki í fjölbrautaskólum heldur í hinum ýmsu sérskólum. Skólameistarar hafa kröftuglega mótmælt tillögum þessum.
- b) Skólameistari skýrði frá að prentuð hafi verið eyðublöð fyrir beiðnir um vöruúttektir sem nota eigi við hvers konar pantanir á varningi fyrir skólann.
- c) Skólameistari skýrði frá væntanlegu lönþingi Íslendinga sem verði í nóvembermánuði öndverðum. Var hann kosinn til þess að sitja þingið fyrir hönd skólans.

5. Hreinn Ásgrímsson og Ómar Bjarnþórsson voru kjörnir til þess að fara yfir skýrslu þróunarnefndar kennara og ræða síðan við þróunarnefndina um tillögur hennar, einkum þá liði sem stangast á við gildandi reglugerðir eða orka tvímælis á annan hátt.

6. Önnur mál.

- a) Fulltrúi nemenda, Hrannar Hólm, fór þess á leit að sveitarfélögi full laun matráðskonu við mótuneyti nemenda, en nefndin hefur áður samþykkt að greiða fyrir hálft starf. Samþykkti skólanefndi að leggja til við sveitarfélögin að greiða matráðskonu fyrir fullt starf í mótuneyti nemenda. Upplýst var að nemendur greiða sjálfir annarri konu sem þar vinnur hálfan daginn.
- b) Guðni Ölversson taldi að kynna þyrfti starf FS miklu betur í grunnskólum á svæðinu en gert hefur verið, og mæltist hann til þess að skólinn bætti úr í þessum efnum. Skólanefndin telur nauðsynlegt að skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri sinni þessu með heimsóknum í skólana, ásamt fulltrúum nemenda.
- c) Ómar spurði hver verið hefðu viðbrögð sveitarstjórna við aukafjárveitingarbeiðni skólans í sumar. Upplýst var að þær hafi víðast hvar verið samþykktar þótt sum sveitarfélögin væri illa í stakk búin til þess að greiða slíkar viðbótarupphæðir utan við fjárhagsáætlanir - og flest þeirra hefðu þegar innt af hendi greiðslu þessa að einhverju eða öllu leyti.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.